

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Rangárpings ytra. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 13. janúar 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Vindás, Álftanesi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti bæjarráð Álftaness þann 13. janúar 2005 breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Vindás, Álftanesi. Breytingin felst í því að byggingarreitur hússins er stækkaður um 4 m norður fyrir húsvegg norðurhliðar og tengir einnig saman bílskúr og aðalhús.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Álftanesi, 19. janúar 2005.

Gunnar Valur Gíslason bæjarstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Stokkseyrar 1996-2016, Dalbæjarland.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 13. janúar 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Stokkseyrar 1996-2016, frá 7. október 1996.

Breytingin felst í því að svæði austan Stjörnusteina og norðan Tjarnarstígs, opið svæði til sérstakra nota, er stækkað á kostnað íbúðarsvæðis og lóð íbúðarhússins Nýborgar er skilgreind sem íbúðarsvæði. Á opna svæðinu er gert ráð fyrir húsdýragarði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar sveitarfélagsins Árborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 13. janúar 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.